

# Reglur um hvatapeninga árið 2025

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs Garðabæjar fá öll börn á aldrinum 5-18 ára (fædd 2007-2020) kr. 60.000 í hvatapeninga á árinu 2025. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. Hægt er að sækja um „viðbótar hvatapeninga“ krónur 15.000,- í þjónustugátt Garðabæjar ef heildartekjur heimilis eru að meðaltali undir 856.000,- kr. á mánuði hjá einstaklingi, eða 1.049.000,- kr. hjá sambýlisfólki (m.v. launavísitölu 1. janúar 2025). Miðað er við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði þegar umsókn er send inn.

**Hvatapeninga ársins 2025 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2024 og 2025. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2025 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára. Hvatapeninga líðandi árs er ekki hægt að nýta til að greiða reikninga námskeiðs sem byrjar á næsta ári á eftir.**

Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags.

Ef félög eru ekki tengd við skráningarkerfin Sportabler (Abler) eða XPS þarf að koma reikningi til þjónustuvers Garðabæjar með upplýsingum um upphæð hvatapeninga sem á að nýta sem og upplýsingum um hvert á að endurgreiða. Ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Sportabler eða XPS.

Nýta þarf hvatapeninga ársins 2025 fyrir áramót. Kvittunum á að skila fyrir lokun þjónustuvers Garðabæjar þann 18. desember.

## Reglur um notkun hvatapeninga:

1. **Skilyrði** þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um **skipulagt starf** sé að ræða sem er stundað **undir leiðsögn** þjálfara eða leiðbeinanda og nær **yfir eina önn** eða **að lágmarki 10 vikur**. Undantekning eru 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, sumarnámskeið, dans í dansskólum og skátastarf.
2. Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglinganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 2007, 2008 og 2009), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

desember 2024

Lúðvík Örn Steinarsson,  
bæjarritari.